

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/780*  
*komudagur 23.1.2009*



Alþingi Íslands  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### **Athugasemdir stjórnar Fjölmenntar vegna frumvarps til laga þskj.291 - 216.mál**

Fjölmennt (áður fullorðinsfræðsla fatlaðra) er sjálfseignarstofnun í eigu Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands. Stofnunin starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og hefur hún á grundvelli hennar gert samning við menntamálaráðuneytið um að veita fullorðnu fólki með fötlun tækifæri til að stunda ýmiss konar nám og sækja sér fjölbætta fræðslu í þeim tilgangi að auka færni sína til að takast á við daglegt líf. Til þessa verkefins hefur menntamálaráðuneytið lagt Fjölmennt til fjármagn til starfseminnar s. l. 6 ár. Á Fjárlögum ársins 2009 er þessi fjárhæð 242 millj. kr.

Fjölmennt rekur starfsstöðvar á þremur stöðum á landinu þ. e. í Reykjavík, á Akureyri og á Selfossi og þjóna þær hátt í 700 einstaklingum. Stofnunin býður margbreytileg námskeið og veitir fólki með fötlun stuðning til að sækja sér framhaldsfræðslu til annarra skólstofnana. Fjölmennt hefur í auknum mæli komið á samstarfi við Símenntunarmiðstöðvar á þeim svæðum landsins þar sem hún hefur ekki eigin starfsstöðvar. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa þá tekið að sér að skipuleggja námskeið fyrir umræddan hóp, en Fjölmennt veitt faglega ráðgjöf og greitt þann kostnað sem af hefur leitt. Með þessum hætti er starfsemi Símenntunarmiðstöðvanna styrkt til að taka að sér aukin og sérhæfð verkefni.

Þetta samstarf hefur gefið góða raun og er í takti við þá stefnu sem gerir ráð fyrir og krefst þess að fólk með fötlun sækir alla þjónustu, hver sem hún er, til þeirra sömu stofnana samfélagsins og aðrir en ekki til sérgreindra stofnana. Það er einnig í samræmi við grundvallarákvæði laga sem sérstaklega ákvarða fólki með fötlun rétt til sömu þjónustu og aðrir samfélagsþegnar, og í takti við yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra, en stefnt er að því að hún verði staðfest af Alþingi innan tíðar. Síðast en ekki síst er það skýlaus krafa hagsmunasamtaka fatlaðra og aðstandenda þeirra að réttur fatlaðra sé alls staðar og ávallt tryggður í almennri löggjöf.

Starfsemi Fjölmenntar er ekki tryggð í lögum og þar af leiðandi ekki réttur fólks með fötlun til framhaldsnáms. Stjórn Fjölmenntar og eigendur stofnunarinnar bundu því ríkar vonir við það að í nýjum lögum um framhaldsfræðslu yrði skotið lagalegum stöðum undir rétt þessa hóps til framhaldsfræðslu (í anda frumvarpsins) og þar með m.a. undir samning ráðuneytisins við Proskahjálp og Öryrkjabandalagið, eða undir aðrar á móta starfsemi. Það er hins vegar ekki gert. Ráðuneyti menntamála hefur ekki látið í ljósi nein áform um að draga úr stuðningi við starfsemi Fjölmenntar, en á hinn bóginn eru báðir samningsaðilar sammála um að skortur á lagastoð veiki starfsemina og standi jafnvel þróun hennar fyrir þrífum. Almenn viðhorf og sterk hefð, sem nú er grunnur starfseminnar, dugar ekki til að tryggja henni þá stöðu sem nauðsynleg er án lagaramma.

Það má líta á efnistöð frumvarps til laga um framhaldsfræðslu frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar fjallar frumvarpið aðeins um þá sem eru á vinnumarkaði (sjá upphaf fjárhagskafla greinargerðar með frumvarpinu):

**Í frumvarpi þessu er lagður grunnur að nýrri skipan framhaldsfræðslu sem ætlað er að þjóna atvinnulífi og launþegum á vinnumarkaði með stutta skólagöngu að baki, sem hefur jafnframt skírskotun til framhaldsskólastigsins og, eftir atvikum, háskólastigsins (undirstrikun okkar).**

Þetta er hið skýra einfalda markmið frumvarpsins. En á hinn bóginn má segja að sumt í frumvarpinu gefi því víðari skírskotun en þá verður lesandinn að einsetja sér að sjá það í því ljósi (sbr. markmið d), því annar texti beinir sjónum fljótlega aftur að atvinnulífinu.

Hvað með þá sem ekki eru fullir þátttakendur í atvinnulífinu? Hvað með stóran hóp fólks með fötlun, sem eiga að baki einhverja atvinnuþátttöku, en hafa engu að síður veika stöðu á vinnumarkaði? Hvað með þá sem litla eða enga reynslu hafa af atvinnuþátttöku en gætu nýtt sér ýmiss konar fræðslu og stuðning til að hasla sér þar völl. Allt er þetta fólk sem reynslan sýnir að getur haft mikið gagn af þeirri fræðslu sem Fjölmennt býður og annarri á móta, sem greiðir því leið til víðtækrar þátttöku í samfélaginu, ekki síst á vinnumarkaði.

**Frumvarpið beinir ekki sjónum sínum að þessum hópi fólks; það horfir beinlínis fram hjá honum.**

Það er vilji og stefna stjórnar Fjölmenntar að það hlutverk, sem stofnunin nú sinnir, færist í auknum mæli til almennra stofnana, með stuðningi hennar, s. s. eftirfylgd og faglegri ráðgjöf. Það er í anda þess sem áður er rakið um hugmyndafræði og stefnumótun. Það er ekki ásættanlegt að þjónusta við stóran hóp fólks, sem hefur öðrum fremur þörf fyrir ýmiss konar stuðning til að geta gerst þátttakendur á vinnumarkaði, sé ekki tryggð við almenna lagasetningu um framhaldsfræðslu. Þó virðist sem gert sé áfram ráð fyrir starfsemi Fjölmenntar sbr. t. d. tilvísun í *fullorðinsfræðslu fatlaðra* í fjárhagskafla greinargerðarinnar, en án lagastoðar.

Stjórn Fjölmenntar telur að frumvarp til laga um framhaldsfræðslu eigi að hafa víðari skírskotun en það hefur nú; það virðist jafnvel brjóta jafnræðisreglu og grundvallarkröfu um almennan og jafnan rétt allra til menntunar. Frumvarpið þarf að taka tillit til slíkra gilda og því þarf að breyta svo þau gildi fái að njóta sín. Með því móti væri stigið mikilvægt skref með frumvarpinu.


21. jan. 2009.

F. h. stjórnar Fjölmenntar.



---

Bjarni Kristjánsson  
formaður



---

María Hildipórsdóttir  
framkvæmdastjóri

